

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 20. apríl 2015 á Kjóavöllum.

4. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Kristín Njálisdóttir, Hermann Vilmundarson, Lárus Finnbogason, Sigurður Tyrfingsson og Magnús Benediktsson framkv.stj. Linda Gunnlaugsdóttir, Ragna Emilsdóttir og Ólafur Blöndal boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Fundur LH um framtíð Landsmóta. Boðað hefur verið til vinnufundar aðildarfélaga LH um framtíð Landsmóta laugardaginn 25. apríl nk. Hmf. Sprettur getur sent 3 fulltrúa á fundinn. Málið rætt og samþykkt að fulltrúar Hmf. Sprettis verði Linda, Lárus og Magnús. Farið yfir skipulag vegna þessa.
3. Sumarstarfsfólk frá Kópavogi. Hmf. Sprettur getur fengið allt að 10 unglinga frá Vinnuskóla Kópavogs til þess að sinna fyrirfram ákveðnum verkefnum á svæði félagsins. Maggi og Hermann ganga frá verkefnalista vegna þessa og senda til Vinnuskólans.
4. Málefni arkitekts vegna reiðhollar. Farið var yfir stöðuna varðandi samninga um greiðslu vegna vinnu arkitekts við reiðhöll Sprettis.
5. Lokaúttekt reiðhollar – staðan. Málið er í vinnslu og verður fylgt fast eftir af Hmf. Spretti og byggingastjóra reiðhollar.
6. Undirbúningsvinna fyrir næstu vikur. Farið yfir dagskránnu og staðan tekin á hinum ýmsu viðburðum félagsins næstu vikurnar. Rætt um undirbúning t.d. vegna umhverfis dagsins á morgun þriðjudag, vetrarleika nk. miðvikudag, Sprettisfjör á sumardaginn fyrsta nk. fimmtudag, firmakeppni nk. laugardag o.fl. Nefndirnar sem sjá um viðkomandi viðburði standa klárar með undirbúning. Rætt um beiðni þess efnis að færa til á dagskrá gæðingakeppni Sprettis, stjórnarmenn samþykkir því að leggja það til við mótanefnd að færa mótið fram um tvær vikur þannig að það yrði haldið 22.-24. maí nk. í stað 5.-7. júní.
7. Reiðskólamál á félagssvæði Sprettis. Lárus hefur unnið að málum gagnvart reiðskóla á svæðinu. Lárusi og Magnúsi falið að klára málin með samningum við verktaka á svæðinu.
8. Önnur mál.
 - Rætt um afmörkun keppnisvalla. Vallarnefndin er með málið í vinnslu ásamt framkv.stjóra félagsins.
 - Rætt um mögulegan flutning á þulaskúr frá gamla keppnisvöllinum (skúr sem var í Glaðheimum) yfir á mönina á milli nýju keppnisvallanna. Einnig rætt um möguleika á gámahúsum til viðbótar í stað þeirra sem skemmdust en fulltrúar frá VÍS hafa komið á svæðið og metið skemmdirnar. Gert er ráð fyrir að fá skúrana bættu. Sigurði Tyrfingssyni falið að kanna verð á gámahúsum til slíkra afnota.

- Erindi barst frá landsliðseivaldi, Páli Braga Hólmarssyni þar sem óskað var eftir stuðningi frá Spretti í formi aðstöðu fyrir æfingabúðir unglíngalandsliðs 2. maí nk. Samþykkt að verða við beiðninni.
- Lárus greindi frá frágangi á ráðningu starfsmanns í 30% starf. Rakel Ýr Björnsdóttir hefur verið ráðin til þess að sinna verkefnum sem ekki heyra undir starfssvið framkv.stjóra.
- Iðkendastyrkir, sérstyrkir og skýrslur gagnvart Kópavogsbæ. Hermann ásamt Rakel ganga frá umsóknum og skýrslum til Kópavogsbæjar vegna þessa.
- Hermann, varaformaður stjórnar, óskaði eftir því að framkv.stjóra yrði falið að kanna verð á alhliða vinnutæki eins og t.d. sex-hjóli með palli. Nauðsynlegt er að félagið komi sér upp slíku vinnutæki sem hægt er að nota t.d. við umönnun á vallargólfi í reiðhöll, flutningi á efni og öðru í tengslum við viðhald valla, girðingarhólfa o.s.frv. Samþykkt að framkv.stjóri kanni verð á slíkum tækjum. Einnig rætt um að selja gamla dráttarvél sem félagið á og ekki hentar til noktunar í þessi verkefni og sérstaklega ekki inni í reiðhöll vegna mengunar. Ekki eru mikil verðmæti sem liggja í viðkomandi vél, samþykkt að kanna hvað hægt er að selja dráttarvélin á og losa félagið við hana við fyrsta tækifæri.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:45

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir